

Ed.

10. Frumvarp til laga

[10. mál]

um verðlagsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 31. janúar 1984 skulu verðlagsyfirvöld og aðrir opinberir aðilar, sem fara með verðlagsákvæðanir, aðeins leyfa óhjákvæmilega hækkun verðs eða endurgjalds fyrir vöru eða þjónustu. Þetta ákvæði breytir ekki verðmyndun á vöru og þjónustu, sem heyrir undir Verðlagsstofnun og hefur verið undanþegin sérstakri meðferð Verðlagsráðs. Að því er launakostnað varðar er óheimilt að miða verð eða gjaldskrá við hærri laun en ákveðin eru með bráðabirgðalögum nr. 54/1983, um launamál. Á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 31. janúar 1984 er og óheimilt að breyta þeim álagningarreglum eða greiðslukjörum, er voru í gildi 25. maí 1983, ef slíkt er kaupendum eða neytendum í óhag.

2. gr.

Almennt fiskverð skv. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 4/1983, annað en verð á skarkola, skal hækka um 8% 1. júní 1983 og það verð síðan um 4% 1. október 1983, og skal það verð, sem þannig er ákveðið, gilda til 31. janúar 1984.

3. gr.

Fjárhæðir launaliða í þeim verðlagsgrundvelli búvöru, er tekur gildi í júníbyrjun 1983, skulu hækka um 8%. Verð til framleiðenda samkvæmt honum skal gilda til 30. september 1983. Hinn 1. október 1983 taki gildi nýr verðlagsgrundvöllur, sem gildir til 31. janúar 1984, þar sem fjárhæðir launaliða skulu hækka um 4% frá því, sem er í júnígrundvelli 1983. Vinnslu- og dreifingarkostnaður til verðlagningar búvöru breytist um leið og nýtt verð til framleiðenda tekur gildi í byrjun júní og október 1983.

Heimilt er að ákveða sumarverð á kindakjöti og garðávöxtum, sbr. 10. grein framleiðsluráðslaga, nr. 95/1981. Sömu leiðis má, frá 15. september 1983, hækka verð á kjöti og öðrum afurðum af nýslátruðu sauðfé, enda sé það gert í samræmi við ákvæði 3. málsgreinar 10. greinar sömu laga.

Við ákvörðun verðlagsgrundvallar og vinnslu- og dreifingarkostnaðar búvöru gilda að öðru leyti ákvæði 1. gr.

4. gr.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um verðlagsmál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að í stjórnarsáttmála flokkanna, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar viðtækar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað til þess að draga úr verðbólgu, tryggja atvinnuöryggi og treysta stöðu þjóðarbúsins út á við, og vernda hag þeirra, sem við lökust kjör búa. Þar á meðal séu ráðstafanir til þess að tryggja eðlilegt og sanngjarnt aðhald að verðlagsákvörðunum á næstu mánuðum, bæði að því er varðar almennt verðlag og ákvarðanir um fiskverð og búvöruverð, í samræmi við þróun launa.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 31. janúar 1984 skulu verðlagsyfirvöld og aðrir opinberir aðilar, sem fara með verðlagsákvæðanir, aðeins leyfa óhjákvæmilega hækkun verðs eða endurgjalds fyrir vöru eða þjónustu. Þetta ákvæði breytir ekki verðmyndun á vöru og þjónustu, sem heyrir undir Verðlagsstofnun og hefur verið undaþegin sérstakri meðferð Verðlagsráðs. Að því er launakostnað varðar er óheimilt að miða verð eða gjaldskrá við hærri laun en ákveðin eru með bráðabirgðalögum, nr. 54/1983, um launamál. Á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 31. janúar 1984 er og óheimilt að breyta þeim álagningarreglum eða greiðslukjörum, er voru í gildi 25. maí 1983, ef slíkt er kaupendum eða neytendum í óhag.

2. gr.

Almennt fiskverð skv. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 4/1983, annað en verð á skarkola, skal hækka um 8% 1. júní 1983 og það verð síðan um 4% 1. október 1983, og skal það verð, sem þannig er ákveðið, gilda til 31. janúar 1984.

3. gr.

Fjárhæðir launaliða í þeim verðlagsgrundvelli búvöru, er tekur gildi í júníbyrjun 1983, skulu hækka um 8%. Verð til framleiðenda samkvæmt honum skal gilda til 30. september 1983. Hinn 1. október 1983 taki gildi nýr verðlagsgrundvöllur, sem gildir til 31. janúar 1984, þar sem fjárhæðir launaliða skulu hækka um 4% frá því, sem er í júnígrundvelli 1983. Vinnslu- og dreifingarkostnaður til verðlagningar búvöru breytist um leið og nýtt verð til framleiðenda tekur gildi í byrjun júní og október 1983.

Heimilt er að ákveða sumarverð á kindakjöti og garðávöxtum, sbr. 10. grein framleiðsluráðslaga, nr. 95/1981. Sömuleiðis má, frá 15. september 1983, hækka verð á kjöti og öðrum afurðum af nýslátruðu sauðfé, enda sé það gert í samræmi við ákvæði 3. málsgreinar 10. greinar sömu laga.

Við ákvörðun verðlagsgrundvallar og vinnslu- og dreifingarkostnaðar búvöru gilda að öðru leyti ákvæði 1. gr.

4. gr.
Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. maí 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.